

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Bárðarlaug í Snæfellsbæ.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlindaráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Bárðarlaug í Snæfellsbæ. Stjórnunar- og verndaráætlunin er birt á heimasíðu Umhverfisstofnunar. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013:

#### 1. gr.

Kvikmyndagerð og ljósmyndun í atvinnuskyni sem getur haft áhrif á náttúruvættið er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Sækja skal um leyfi á heimasíðu Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.3.1.

#### 2. gr.

Ekki er leyfilegt að lenda mönnum loftförum innan náttúruvættisins og notkun ómannaðra loftfara er einnig bönnuð nema með leyfi Umhverfisstofnunar, sbr. kafla 3.7. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar, sbr. reglugerð nr. 60/1998 og reglugerð nr. 1185/2012.

#### 3. gr.

Ekki er heimilt að hafa næturdvöl innan hins friðlýsta svæðis, sbr. kafla 3.3.2.

#### 4. gr.

Gæludýr ber að hafa í taumi innan náttúruvættisins þannig að þau trufli síður dýralíf og gesti, sbr. kafla 3.3.2.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 17. desember 2019.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

*Sigríður Auður Arnardóttir.*